

Ár 2015, mánudaginn 29. júní, er í Félagsdómi í málinu nr. 18/2015

Félag íslenskra náttúrufræðinga

(Bergþóra Ingólfsdóttir hrl.)

gegn

íslenska ríkinu

(Guðrún Sesselja Arnardóttir hrl.)

kveðinn upp svofelldur

d ó m u r:

Mál þetta var dómtekið 22. júní 2015.

Málið dæma Arnfríður Einarsdóttir, Ásmundur Helgason, Guðni Á. Haraldsson, Elín Blöndal og Inga Björg Hjaltadóttir.

Stefnandi er Félag íslenskra náttúrufræðinga, Borgartúni 6, Reykjavík.

Stefndi er íslenska ríkið, Arnarhvoli við Lindargötu, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda

Stefnandi krefst þess að viðurkennt verði að Níels Árni Árnason, félagsmaður stefnanda, hafi átt rétt til greiðslna samkvæmt gr. 2.3.3.1 fyrir útköll þegar hann samkvæmt ákvörðun undanþágunefndar, sem starfar á grundvelli 21. gr. laga nr. 94/1986, var kvaddur til starfa 7. apríl 2015, kl. 9:01 til 10:40, og 8. apríl 2015, kl. 8:51 til 9:58 og kl. 15:27 til 20:06.

Þá er gerð krafa um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að mati Félagsdóms.

Dómkröfur stefnda

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og þá krefst hann þess að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Málavextir

Málavextir eru óumdeildir. Í stefnu er því lýst að stefnandi hafi gert verkfall til að stuðla að framgangi krafna sinna á grundvelli heimildar 14. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 í tengslum við gerð kjarasamninga málsaðila. Ótímabundið verkfall félagsmanna stefnanda, sem starfa á Landspítala háskólasjúkrahúsi, hafi hafist hinn 7. apríl sl. þar til sett voru lög nr. 31/2015, um kjaramál félagsmanna tiltekinna stéttarfélaga innan Bandalags háskólamanna og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, hinn 13. júní sl. Samkvæmt lögnum eru verkfallsaðgerðir og fleiri aðgerðir tilgreindra aðildarfélaga

Bandalags háskólamanna óheimilar frá gildistöku laganna og á gildistíma ákvarðana gerðardóms samkvæmt lögnum. Segir í stefnu að meðal þeirra, sem verkfallið taki til, sé Níels Árni Arnason, starfsmaður Landspítalans í Blóðbanka.

Meðan á vinnustöðvun stefnanda hafi staðið, hafi ítrekað komið til kasta svokallaðar undanþágunefndar sem starfi á grundvelli 21. gr. kjarasamningalaganna en hún hafi það verkefni að kalla starfsmenn, sem séu í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi, sbr. 20. gr. sömu laga. Meðal þeirra félagsmanna stefnanda, sem kallaðir hafi verið til vinnu í verkfalli með ákvörðun undanþágunefndar, sé framangreindur Níels Árni. Samkvæmt útprentun úr Vinnustund, tímaskráningarkerfi stefnda, hafi Níels Árni verið kallaður út tvisvar hinn 7. apríl sl., fyrst að morgni dags er hann hafi verið að störfum frá kl. 9:01 til 10:40 og aftur kl. 16:00 sama dag og hafi hann þá unnið í rúmar 5 stundir. Þá hafi hann aftur verið kallaður út daginn eftir og hafi þá verið að störfum frá kl. 8:51 til 9:58. Hann hafi verið kallaður aftur til vinnu sama dag kl. 15:27 og þá hafi hann unnið til kl. 20:06. Fyrir þessa vinnu hafi Níelsi Árni verið greidd laun 1. maí sl., þar af 4,04 stundir í dagvinnu vegna fyrrgreindar vinnu sinnar í útköllum á dagvinnutíma.

Fljótlega eftir að verkfall stefnanda hófst, hafi komið á daginn að stefndi hygðist greiða fyrir útköll með þessum hætti, þ.e. greiða tímakaup en ekki sérstakar útkallsgreiðslur samkvæmt ákvæðum þar um í gr. 2.3. kjarasamningsins. Hafi stefndi byggt þá ákvörðun sína reglum, sem fram komi í dreifibréfi fjármálaráðuneytisins nr. 6/2001 um launagreiðslur í verkfalli. Þessum framgangsmáta og vinnureglum hafi verið mótmælt af hálfu lögmanns Bandalags háskólamanna, m.a. fyrir hönd stefnanda, og kallað eftir rökstuðningi frá stefnda. Í tölvuskeyti starfsmanns fjármálaráðuneytisins til starfsmanns Bandalags háskólamanna, dagsettu 30. apríl sl., kemur fram að litið sé svo á að starfsmaður í verkfalli sé eins oghver annar tímakaupsmaður þar sem hann sinni afmörkuðu verkefni. Á dagvinnutíma sé greitt dagvinnukaup en utan dagvinnutíma sé greitt yfirvinnukaup.

Með bréfi til ráðuneytisins, dagsettu 7. maí sl., gerði Bandalag háskólamanna athugasemdir við launagreiðslur til félagsmanna aðildarfélaga bandalagsins í yfirstandandi verkföllum, ásamt minnisblaði, þar sem nánari grein var gerð fyrir þeim tilvikum, sem bandalagið teldi að misbrestur hefði verið á greiðslum. Í bréfinu var sérstaklega áréttað að leiðrétta væri framkvæmd launagreiðslna til þeirra, sem kallaðir væru til starfa á grundvelli undanþáguheimildar 20. gr. kjarasamningalaganna, og vísað sérstaklega til kjarasamnings Dýralæknafélags Íslands í dæmaskyni um að samkvæmt gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi bæri þeim greiðsla fyrir útkall í þessum tilvikum. Samhljóða ákvæði sé að finna í gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi stefnanda.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið svaraði erindum Bandalags háskólamanna með tveimur bréfum, dagsettum 8. maí 2015. Í svörum stefnda kemur fram sú afstaða ráðuneytisins að þegar verkfall standi yfir sé um að ræða félagslega aðgerð ("kollektiv") af hálfu stéttarfélagsins. Því verði allir félagsmenn að sitja við sama borð um frádrátt launa og

skipti þá ekki máli hvort um tímabundið eða ótímabundið verkfall sé að ræða. Telur stefndi vinnureglur sínar í þessu efni vera í samræmi við niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 8/1984 frá 17. desember 1984 og síðari túlkun á álitafni þessu.

Hvað varði þá, sem sinni störfum sínum samkvæmt gildandi undanþágum hjá stofnunum ríkisins á meðan á verkfalli stefndur, skuli upplýst að Fjársýsla ríkisins afgreiði laun samkvæmt upplýsingum frá launadeildum stofnana hverju sinni. Til þess að hægt sé að taka tillit til þeirra, sem starfa í verkfalli samkvæmt undanþágu, verði stofnun að upplýsa Fjársýsluna þar um. Þeir, sem ekki hafi heimild til verkfalls samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986, haldi þannig óskertum launum.

Varðandi þá, sem kallaðir séu til starfa á grundvelli undanþáguheimildar 20. gr. laga nr. 94/1986 sé litið svo á, að heimilt sé að kalla starfsmenn í verkfalli tímabundið til vinnu til að afstýra neyðarástandi. Ákvæði kjarasamnings um launagreiðslur eigi ekki við í þessum tilvikum þar sem starfsmaður í verkfalli sé ekki í vinnusambandi við launagreiðanda þann tíma sem verkfall standi yfir. Þannig sé starfsmanni skylt að hlýta úrskurði nefndarinnar um vinnu samkvæmt ákvæðinu, og þiggja greiðslu fyrir þann tíma sem vinnan var innt af hendi, þ.e. tímagjald. Í þeim efnum væri tekið mið af ákvæðum viðkomandi kjarasamnings um tímakaupsfólk.

Stefnandi unír ekki þessari niðurstöðu stefnda þar sem hann telur framkvæmdina fara gegn skýru ákvæði kjarasamnings stefnanda og almennum reglum vinnuréttar, sem um þetta gildi, auk þess sem líta megi svo á að um sé að ræða félagsnauðung í skilningi 4. gr. laga nr. 80/1938 sem ekki verði við unað. Telur hann því nauðsynlegt að leggja ágreining þennan fyrir Félagsdóm.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveður mál þetta heyra undir Félagsdóm samkvæmt 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Ágreiningur málsaðila lúti að því hvort stefnda beri að fara að ákvæðum kjarasamnings aðila þegar verkfall standi yfir og greiða laun í útkalli í samræmi við ákvæði gr. 2.3.3.1 í framlögðum kjarasamningi aðila eða eftir atvikum gr. 2.3.3.2 þegar starfsmenn séu kallaðir til starfa með ákvörðun undanþágunefndar samkvæmt 21. gr. sömu laga.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því í fyrsta lagi að þrátt fyrir að samningar séu lausir milli aðila, sé í gildi kjarasamningur milli þeirra sem stefndi sé bundinn af þar til nýr samningur hafi verið gerður. Í þeim samningi sé að finna eftirfarandi ákvæði í gr. 2.3.3.1 sem sérstaklega fjalli um þau tilvik þegar starfsmaður sé kallaður til vinnu á dagvinnutímabili:

„2.3.3.1 þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, skal greitt yfirvinnukaup fyrir a.m.k. 3 klst. nema reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klst. frá því hann fór til vinnu en þá greiðist yfirvinna frá upphafi útkalls fram til þess að reglulegur vinnutími hefst. Ljúki útkalli áður en 3 klst. eru liðnar frá

lokum hinnar daglegu vinnu, skal greiða yfirvinnu fyrir tímann frá lokum hinnar daglegu vinnu til loka útkalls.“ Þá sé einnig í gr. 2.3.3.2 í kjarasamningnum ákvæði um greiðslur fyrir útkall þegar endranær bæri að greiða yfirvinnukaup.

Kjarasamningsákvæðin eigi við samkvæmt efni sínu eftir atvikum þrátt fyrir að um vinnustöðvun sé að ræða. Þau útköll, sem framangreindur Níels Árni hafi sinn dagana 7. og 8. apríl s.l. og unnin hafi verið á dagvinnutímabili, falli undir ákvæði gr. 2.3.3.1. en eins og framlagður launaseðill hans beri með sér hafi hann aðeins fengið dagvinnutímagjald þegar svo hafi háttað til. Hins vegar hafi Níelsi Árna réttilega verið greidd yfirvinna í samræmi við ákvæði gr. 2.3.3.2 fyrir útköll sem féllu á yfirvinnutíma. Stefnandi byggir á því að þótt verkfall sé, sem lögbundið úrræði stéttarfélags til að ná fram kjarasamningi við viðsejanda sinn, vissulega félagslegt úrræði, geti það ekki rýrt réttindi einstakra félagsmanna til launa og kjara samkvæmt gildandi kjarasamningi ef og þegar svo hátti til að starfsmanni beri að lögum að vinna störf sín í verkfalli.

Í þessu samhengi byggir stefnandi á því að störf Níelsar Árna Árnasonar í þágu Landspítalans byggir á gildum vinnusamningi og að sá samningur sé gagnkvæmur. Sú grundvallarregla gildi um slíkt vinnusamband að skylda annars aðila samningsins sé háð því að gagnaðili efni sinn hlut samningsins. Þannig beri Níelsi Árna jafnan að inna starf sitt af hendi og stefnda að greiða laun fyrir vinnuframlagið. Brot á þessum skyldum teljist veruleg vanefnd samningsins og geti verið grundvöllur riftunar ráðningarsamnings.

Stefnandi kveðst mótmæla sérstaklega þeim skilningi stefnda að Níels Árni sé ekki í vinnusambandi við Landspítalann meðan á verkfalli standi. Væri sú raunin hefði stefndi engan rétt til þess að kalla Níels Árna eða nokkurn annan félagsmann stefnanda til vinnu á grundvelli þeirrar lagaheimildar, sem hér um ræðir, þ.e. 20. gr. laga nr. 94/1986. Sé nær að halda að stefndi líti svo á að 20. gr. hafi að geyma einhvers konar ákvæði um þegnskylduvinnu sem, sem kvaddur sé til, beri að hlýta á grundvelli laganna og þiggja fyrir það tímakaup, enda sé ekki vinnusamband milli aðila. Það fái ekki staðist. Kvaðning til starfa á þessum grundvelli byggir á því að vinnusamband sé milli aðila, ella gæti stefndi kvatt hvern sem er annan en félagsmenn stefnanda til þessara starfa. Þá sé þessi túlkun í reynd í andstöðu við framkvæmd stefnda og kröfur hans til starfsmanna og félagsmanna stefnanda meðan á verkfalli stendur en stefndi geri ráð fyrir því að Níels Árni og aðrir félagsmenn stefnanda séu reiðubúnir til starfa þegar og ef nauðsyn beri til og lög heimili, enda hafi Níels Árni þegar orðið við því kalli.

Stefnandi byggir á því sérstaklega að verkfall sé frávik frá hinum almennu skyldum starfsmanns til að inna vinnu af hendi, sem byggir á lögbundnum heimildum stéttarfélags til að gera verkfall, þ.e. 14. gr. laga nr. 94/1986. Verkfall taki til allra félagsmanna, sbr. 18. gr. sömu laga, og af þeim sökum hafi Níelsi Árna ekki einasta verið heimilt að leggja niður störf í verkfalli heldur beinlínis skylt að gera það. Í samræmi við fyrrgreinda reglu um gagnkvæmar efndir aðila, hafi og muni laun hans því falla niður fyrir þann tíma sem hann inni vinnuna ekki

af hendi. Takmörkun greiðsluskyldu stefnda geti þó að mati stefnanda ekki verið rýmri en sem nemi því vinnuframlagi Níelsar Árna sem falli niður vegna verkfallsins og í því sambandi vísi stefnandi til dóms Félagsdóms í máli nr. 8/1984.

Samkvæmt lögum nr. 94/1986 sé starfsmönnum skylt að hlýta kalli undanþágunefndar í sérstökum tilvikum og vinna meðan á verkfalli stendur. Stefnandi byggir á því að orðalag 20. gr. laganna beri með sér að vinna, sem þannig sé krafist, geti ekki talist vera annað en útkall í skilningi ákvæðis gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi en þar segi berum orðum: „Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi“.

Samkvæmt orðalagi ákvæðsins verði slík vinna að mati stefnanda aldrei unnin í beinu framhaldi af vinnu starfsmanns, heldur aðeins á grundvelli sérstakrar boðunar starfsmanns sem ekki sé við reglubundin störf. Eins og framlögð útprentun úr Vinnustund, tímaskráningarkerfi stefnda, beri með sér hafi Níels Árni verið kallaður út tvisvar hinn 7. apríl sl. og sömuleiðis í tvígang daginn eftir. Níels Árni hafi verið kallaður út til þessara starfa vegna þess að hann sé starfsmaður stefnda og menntaður til þeirra starfa sem hann hafi innt af hendi í þessum útköllum. Útköllin hafi ekki verið í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans, eins og sjáist á tímaskráningu hans, en þar séu þessi tilvik beinlínis merkt sem útkall. Í raun feli þessi skilgreining stefnda í sér yfirlýsingu sem sé í andstöðu við síðar tilkominn málalíbúnað stefnda um að einungis skuli greidd tímavinna fyrir þessi útköll. Af þessum ástæðum hafi borið að greiða Níelsi Árna laun fyrir þessa vinnu samkvæmt fyrrgreindu útkallsákvæði kjarasamningsins sem berum orðum taki til þeirra aðstæðna sem 20. gr. laga nr. 94/1986 varði. Vinnuframlag hans við þessar aðstæður hafi einmitt verið sama eða svipaðs eðlis og þegar starfsmenn endranær séu kallaðir út þegar ekki sé verkfall.

Þá byggir stefnandi einnig á því að ekki sé að finna sérstaka heimild í kjarasamningi stefnanda til þess að greiða tímavinnukaup við þessar aðstæður. Ákvæði gr. 1.4 í kjarasamningi um tímavinnukaup, sem stefndi vilji beita, taki ekki til þessara tilvika samkvæmt efni sínu. Samkvæmt gr. 1.4.2 sé einungis heimilt að greiða tímavinnukaup í ákveðnum og sérstaklega tilgreindum undantekningartilvikum sem séu nánar tilgreind með eftirfarandi hætti í ákvæðinu:

- „1. Starfsmönnum sem ráðnir eru til skamms tíma vegna sérstakra árvissra álagstíma ýmissa stofnana þó ekki lengur en 2 mánuði.
2. Starfsmönnum sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum þó ekki lengur en 2 mánuði.
3. Starfsmönnum sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma þó aðeins í algerum undantekningartilvikum.
4. Lífeyrisþegum sem vinna hluta úr starfi.“

Þegar félagsmaður stefnanda sé kallaður til starfa á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986, svo sem hér hátti til, sé það vegna þess að hann er í föstu ráðningarsambandi við stefnda og hafi þá með höndum það starf, sem hann hafi verið kallaður til að vinna, enda hafi hann til að bera sérþekkingu á því sviði. Vinna Níelsar í þessum tilvikum verði ekki felld undir neina af þeim heimildum sem að ofan greinir í ákvæði gr. 1.4.2 í kjarasamningnum. Tímavinnukaup sé enda eðli máls samkvæmt, eins og ákvæði gr. 1.4.2 beri með sér, endurgjald fyrir íhlaupavinnu eða vinnu sem ekki er aðalstarf viðkomandi launamanns. Að mati stefnanda sé fráleitt að líta svo á að Níels Árni eigi ekki rétt til launa í samræmi við þann kjarasamning sem endranær eigi við um kaup hans og kjör og taki mið af ábyrgð hans og reynslu sem fasts starfsmanns stofnunarinnar.

Þá byggji stefnandi á því sérstaklega að sá framgangsmáti stefnda að greiða ekki laun samkvæmt gr. 2.3.3.1 fyrir útkall með heimild undanþágunefndar sé að ólögum, enda byggji hann á einhliða sömdu dreifibréfi stefnda sem sé gefið út án viðhlítandi lagastoðar og eigi sér heldur enga stoð í ákvæðum kjarasamningsins.

Loks byggji stefnandi á því að sú framganga stefnda að greiða Níelsi Árna aðeins tímavinnu fyrir vinnu, sem honum hafi að lögum verið skylt að inna af hendi meðan á verkfalli standi, feli í sér ólögmætt inngrip í rétt stefnanda til að gera verkfall. Sá réttur sé bæði lögvarinn, sbr. 14. gr. laga nr. 94/1986, auk þess sem samningsrétturinn sé sérstaklega varinn af stjórnarskrá, sbr. 75. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. einnig 5. og 7. gr. laga 94/1986. Til þess að þau réttindi séu virk og raunhæf, þurfi félagsmenn stefnanda að taka þátt í atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls og samþykki að neytt sé þessara réttinda til að knýja á um nefnd stjórnarskrárvarin réttindi. Að mati stefnanda sé undir hælinn lagt að félagsmenn treysti sér til að ljá atbeina sinn og samþykki að slíkum aðgerðum ef þeir megi vænta þess að vera sviptir stjórnarskrárvörðum réttindum um að njóta arðs af vinnuframlagi sínu og greiðslu launa fyrir vinnu sem þeim sé þrátt fyrir allt skylt að inna af hendi. Framganga stefnda feli í raun í sér ólögmæta félagsnauðung í andstöðu við greindar lagaheimildir, sbr. einnig 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur. Hér sé að mati stefnanda gengið alltof langt í þeim tilvikum sem dregið sé af launum félagsmanna stefnanda umfram þátttöku einstakra meðlima stefnanda í verkfallinu. Í raun myndi slíkt að auki fela í sér óréttmæta auðgun stefnda á kostnað einstakra félagsmanna.

Um málalítilbúnað sinn vísar stefnandi til laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938, stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, sérstaklega 74. og 75. gr., 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994, og varðandi málskostnað til laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Kröfu um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun vísar stefnandi til laga nr. 50/1988 en stefnandi kveðst ekki vera virðisaukaskattsskyldur og beri því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi vísar til þess að um verkföll opinberra starfsmanna gildi ákvæði III. kafla laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem fram komi sú meginregla að verkfall taki til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi, sbr. 18. gr. laganna. Félagsmönnum stéttarfélaga sé því skylt að leggja niður vinnu á meðan verkfall vari.

Frá þessari meginreglu séu tvær undantekningar samkvæmt framangreindum lögum. Fyrri undantekningin komi fram í 19. gr. laganna þar sem segi að tilteknir aðilar hafi ekki heimild til að fara í verkfall. Vinnuskylda þeirra breytist því ekki þrátt fyrir verkfallið og um laun þeirra meðan á verkfalli standi, fari samkvæmt 1. mgr. 22. gr. laganna. Síðari undantekningin sé í 20. gr. laganna þar sem fram komi að sé verkfall hafið, sé heimilt að kalla starfsmenn, sem séu í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Í greinargerð með 20. gr. laganna segi um þetta: „Þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfalli, sem byggjast á 3. tl. 19. gr. [nú 5. tl.], má gera ráð fyrir að í verkfalli geti komið upp þær aðstæður sem kalli á víðtækari undanþágu. Í þeim tilgangi að bregðast við slíkum aðstæðum er í 20. gr. ákvæði um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýrt verði neyðarástandi.“ Í 21. gr. laganna sé nefnd tveggja manna falið það verkefni að ákveða hverjir skuli kvaddir til starfa samkvæmt 20. gr.

Samkvæmt framansögðu sé starfsmönnum því ekki skylt að inna af hendi vinnuframlag í verkfalli og að sama skapi sé vinnuveitanda ekki skylt að greiða laun fyrir þann tíma sem ekki sé unninn. Starfsmenn, sem kallaðir séu til starfa samkvæmt 20. gr. laga nr. 94/1986 séu í verkfalli og hafi því engan daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnutímaskyldu. Öll vinna þeirra samkvæmt 20. gr. laganna sé tímabundin í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Ákvæði kjarasamnings um launagreiðslur eigi þannig ekki við þar sem starfsmaður í verkfalli sé ekki í vinnusambandi við launagreiðanda þann tíma sem verkfall standi yfir en hins vegar sé hann að sjálfsögðu enn í ráðningarsambandi við vinnuveitandann. Starfsmanninum sé, á grundvelli ráðningarsambandsins, skylt að hlíta úrskurði nefndarinnar samkvæmt 21. gr. laganna um vinnu samkvæmt ákvæðinu, sem og að þiggja greiðslu fyrir þann tíma sem vinnan sé innt af hendi. Stefndi hafni því alfarið þeirri túlkun stefnanda að stefndi líti svo á að 20. gr. hafi að geyma einhvers konar ákvæði um þegnaskylduvinnu þeirra sem kvaddir séu til vinnu á grundvelli ákvæðisins.

Stefndi byggji þannig á því að í verkfalli falli niður skylda starfsmanns til að sinna starfi sínu, hvort heldur er samkvæmt vaktavinnuskipulagi eða venjulegri dagvinnu. Starfsmanni, sem kvaddur sé til vinnu í verkfalli samkvæmt 20. og 21. gr. framangreindra laga, beri hins vegar að sinna því starfi sem hann hafi með höndum og hann sé kvaddur til að vinna. Að mati stefnda skuli við greiðslu launa í slíkum tilvikum fara samkvæmt gr. 1.4.1 í kjarasamningi aðila en samkvæmt lið 3 í gr. 1.4.2 sé heimilt að greiða þeim starfsmönnum dagvinnutímakaup sem starfi óreglubundið í lengri eða skemmri tíma í algerum undantekningartilvikum. Augljóst sé að vinna í verkfalli á grundvelli 20. gr. laganna falli

undir orð 3. liðar í gr. 1.4.2. Hafi þessi framkvæmd verið við lýði í öllum verkföllum opinberra starfsmanna og sé í samræmi við dómaframkvæmd, sbr. ummæli í dómi Félagsdóms frá 13. mars 1995 í máli nr. 2/1995, Sjúkraliðafélag Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Í dóminum komi fram að skýra verði ákvæði, sambærileg við þau ákvæði, sem um sé deilt í þessu máli, þannig að yfirvinnukaup greiðist því aðeins að fullnægt hafi verið umsaminni daglegri vinnuskyldu. Slík skylda hafi ekki talin hafa verið fyrir hendi í þessum dómi Félagsdóms og því hafi ákvæðin um yfirvinnu í gr. 2.3. í kjarasamningi aðila ekki verið talin taka til þeirra tilvika sem deilt var um. Nákvæmlega sama staða sé uppi í þessu máli og því beri að greiða dagvinnutímakaup samkvæmt gr. 1.4.1, sbr. gr. 1.4.2, en ekki yfirvinnu samkvæmt gr. 2.3.3.1, líkt og stefnandi haldi fram.

Undanþágur á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986 komi t.d. til ef starfsemi spítala sé orðin svo undirmönnuð vegna verkfalls að það geti leitt til neyðarástands. Undanþága miðist því við að afstýra slíku neyðarástandi fyrirfram með því að kveðja megí starfsmann til vinnu. Stefnandi byggir á því að orðalag 20. gr. laganna beri með sér að sú vinna, sem þannig sé krafist, geti ekki skoðast á annan hátt en sem útkall í skilningi ákvæðis 2.3.3.1 í kjarasamningi aðila. Þessum skilningi hafi stefndi en samkvæmt 20. gr. fyrrgreindra laga megí, eins og að framan greini, kalla starfsmann tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Þá sé orðalag 21. gr. laganna á þann veg að um sé að ræða kvaðningu til vinnu. Ekkert bendi til þess að nefnd ákvæði geri ráð fyrir því að um sé að ræða útköll til að sinna tilteknum afmörkuðum verkefnum. Stefndi telji að ummæli í athugasemdum með 20. gr. frumvarpsins sem orðið hafi að lögum nr. 94/1986 um að þrátt fyrir undantekningarnar frá verkfalli sem byggist á 3. tl. 19. gr. [nú 5. tl.], megí gera ráð fyrir að í verkfalli geti komið upp þær aðstæður sem kalli á víðtækari undanþágur, bendi til þess að þegar starfsmaður komi til vinnu á grundvelli 20. gr. sé um að ræða hvort heldur sem er sams konar vinnu og gilda myndi um þann sem verkfallsheimild nái ekki til samkvæmt 5. tl. 19. gr. kjarasamningalaganna eða mjög afmarkað vinnuframlag sem miðist við að leysa úr tilteknu viðfangsefni. Því sé ekki hægt að alhæfa með þeim hætti að allar slíkar kvaðningar til vinnu teljist falla undir það að flokkast sem útkall í skilningi þess hugtaks.

Samkvæmt framansögðu mótmæli stefndi þeirri fullyrðingu í stefnu, að ekki sé að finna sérstaka heimild í kjarasamningi aðila til þess að greiða dagvinnutímakaup við þessar aðstæður. Það sé mat stefnda að þar sem starfsmaður, sem vinni á grundvelli 20. gr. laga nr. 94/1986, hafi ekki daglegan vinnutíma eða vinnuvöku og enga vikulega vinnutímaskyldu, fari um greiðslur til hans samkvæmt gr. 1.4.2 kjarasamningsins eins og um tímavinnukaup væri að ræða, enda fari vinna starfsmannsins ekki umfram hina daglegu eða vikulegu vinnutímaskyldu, sbr. framangreindan dóm Félagsdóms í máli nr. 2/1995. Dagvinna sé skilgreind þannig í kjarasamningi aðila í gr. 2.2.1: „Dagvinna skal unnin á tímabilinu 08:00-17:00 frá mánudegi til föstudags“. Hafi því réttilega verið staðið að greiðslu launa til félagsmanna stefnanda í verkfalli samkvæmt gr. 1.4.2, lið 3. Með sömu rökum sé því

jafnframt mótmælt að sú framkvæmd að greiða tímavinnukaup fyrir vinnu, sem félagsmanni stefnanda hafi að lögum verið skylt að inna af hendi meðan á verkfalli standi, feli í sér ólögmætt inngrip í rétt stefnanda til að gera verkfall. Einnig sé því algerlega hafnað að þessi framkvæmd feli í sér ólögmæta félagsnauðung í andstöðu við ákvæði stjórnarskrár og 4. gr. laga nr. 80/1938.

Til stuðnings kröfum stefnda um málskostnað kveðst hann vísa í öllum tilvikum til XXI. kafla laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Mál þetta á undir Félagsdóm samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Ekki er ágreiningur með aðilum um þá málavexti sem aðilar telja skipta máli við úrlausn málsins. Liggur fyrir að Níels Árni Árnason, starfsmaður Landspítalans og félagsmaður í stefnanda, var með heimild í 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 94/1986 kallaður til vinnu í aprílmánuði meðan á verkfalli stefnanda stóð. Ágreiningur aðila lýtur að því hvort greiða átti fyrir vinnu hans tímakaup í dagvinnu samkvæmt gr. 1.4.1 í gildandi kjarasamningi aðila, svo sem stefndi heldur fram og gert var, eða hvort greiða skuli laun í útkalli í samræmi við gr. 2.3.3.1 í sama samningi, svo sem stefnandi byggir á.

Það er meginregla í vinnurétti að vinnusamningar aðila, þ.e. vinnuveitanda og launþega, eru gagnkvæmir á þann hátt að skylda annars aðilans til að inna af hendi sitt framlag er almennt háð því að mótaðilinn efni sinn hluta skyldunnar. Af því leiðir að launþegi, sem er í verkfalli og leggur því niður störf, á ekki rétt til launa fyrir þá daga sem hann er í verkfalli.

Í gildandi kjarasamningi aðila er ekki að finna sérstakt ákvæði um það, hvernig haga skuli greiðslum þegar starfsmenn, sem eru í verkfalli, eru kallaðir tímabundið til vinnu samkvæmt 20. gr. laga nr. 94/1986. Stefnandi vísar til þess að ákvæði gr. 2.3.3.1 í gildandi kjarasamningi aðila eigi við í málinu þar sem það fjalli sérstaklega um þau tilvik þegar starfsmaður er á dagvinnutímabili kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans. Í ákvæðinu er kveðið á um að þá skuli greitt yfirvinnukaup fyrir að minnsta kosti þrjár klukkustundir nema að reglulegur vinnutími hans hefjist innan þriggja klukkustunda frá því hann fór til vinnu.

Í kafla 2 í kjarasamningi aðila er að finna ákvæði um vinnutíma. Þar er í kafla 2.3 fjallað sérstaklega um yfirvinnu. Þar segir í gr. 2.3.1 að yfirvinna teljist sú vinna, sem fer fram utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vaktar starfsmanna svo og vinna, sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé.

Ljóst er að framangreindur félagsmaður í stefnanda var ekki við venjubundin störf sín samkvæmt daglegum vinnutíma eða vakt þegar hann var kallaður til starfa í aprílmánuði, enda í verkfalli umrædda daga. Var því ekki um það að ræða að fullnægt hefði verið umsaminni

daglegri vinnuskyldu hans, heldur hafði hann, sem starfsmaður í verkfalli, verið kallaður tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 94/1986. Er það því niðurstaða dómsins að ákvæði um yfirvinnu í gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi aðila taki ekki til atvika í máli þessu. Af framansögðu leiðir að ekki verður fallist á það með stefnanda að orðalag 20. gr. laga nr. 94/1986 beri með sér að það vinnuframlag, sem krafist er með vísan til hennar, hljóti að teljast útkall í skilningi gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi aðila. Jafnframt er það mat dómsins að hvorki verði litið svo á að umræddur háttur á launagreiðslum í því tilviki, sem hér um ræðir, feli í sér ólöglegt inngríp í rétt stefnanda til að gera verkfall né gangi hann gegn samningsrétti hans. Loks eru engin efni til að telja að framangreind niðurstaða feli í sér einhvers konar ólöglega félagsnauðung eða ólöglega auðgun, svo sem byggt er á í stefnu.

Að öllu framangreindu virtu verður dómkröfum stefnanda hafnað en fallist á sýknukröfu stefnda.

Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

D Ó M S O R Ð:

Stefndi, íslenska ríkið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Félags íslenskra náttúrufræðinga, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Ásmundur Helgason	Arnfríður Einarsdóttir	Inga Björg Hjaltadóttir
Guðni Á. Haraldsson		

Sératkvæði Elínar Blöndal

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, er heimilt þegar verkfall er hafið, að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi. Svokallaðar undanþágunefndir ákveða hverjir skuli kvaddir til starfa samkvæmt 20. gr., sbr. 21. gr. laganna. Samkvæmt lögum nr. 94/1986 er starfsmönnum skylt að hlýta kalli undanþágunefndar á þessum grundvelli og vinna meðan á verkfalli stendur.

Í máli þessu deila aðilar um hvort greiða hafi átt félagsmanni stefnanda, Níelsi Árna Árnasyni, laun samkvæmt ákvæði gildandi kjarasamnings aðila um útkall, sbr. gr. 2.3.3.1 eða ákvæði um tímakaup í dagvinnu, samkvæmt grein 1.4. í kjarasamningnum, fyrir vinnu sem hann innti af hendi á dagvinnutíma þegar hann var kallaður tímabundið til starfa með ákvörðun undanþágunefndar samkvæmt 20. gr., sbr. 21. gr. laga nr. 94/1986. Kjarasamningur aðila geymir ekki sérstakt ákvæði um hvernig haga skuli greiðslum við slíkar aðstæður. Fyrir liggur að umræddum félagsmanni stefnanda var greidd yfirvinna í samræmi við gr. 2.3.3.2 fyrir útköll sem féllu á yfirvinnutíma.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að verkfall sé frávik frá hinum almennu skyldum starfsmanns til að inna vinnu af hendi, sem byggir á lögbundnum heimildum stéttarfélags til að gera verkfall, sbr. 14. gr. laga nr. 94/1986. Þá beri orðalag 20. gr. laganna með sér að vinna sem þannig sé krafist geti ekki talist annað en útkall í skilningi ákvæðis gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi aðila. Af hálfu stefnda er þessum skilningi hafnað og á því byggt að við greiðslu launa í slíkum tilvikum skuli fara samkvæmt gr. 1.4.1 í kjarasamningi aðila en samkvæmt lið 3 í gr. 1.4.2 sé heimilt að greiða þeim starfsmönnum dagvinnutímakaup sem starfi óreglubundið í lengri eða skemmri tíma í algerum undantekningartilvikum.

Grein 2.3 í gildandi kjarasamningi aðila fjallar um yfirvinnu og segir þar að yfirvinna teljist sú vinna sem fer fram utan tilskilins daglegs vinnutíma eða vaktar starfsmanns svo og vinna sem innt er af hendi umfram vikulega vinnutímaskyldu þótt á dagvinnutímabili sé, sbr. gr. 2.3.1. Í gr. 2.3.3.1 segir að þegar starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans skuli greitt yfirvinnukaup, eins og nánar er lýst í ákvæðinu. Í verkfalli stefnanda féll niður vinnuskylda umrædds félagsmanns stefnanda. Þegar hann var kvaddur til starfa samkvæmt 20. gr. laga nr. 94/1986 var vinna hans því innt af hendi utan tilskilins dagvinnutíma og umfram vikulega vinnutímaskyldu. Með vísan til orðalags 20. gr. laga nr. 94/1986, sem segir að heimilt sé að kalla starfsmenn sem eru í verkfalli tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi, sbr. einnig athugasemdir við 20. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 94/1986, verður ekki fallist á þann skilning stefnda að kvaðningu starfsmanns til vinnu samkvæmt ákvæðinu verði ekki jafnað til útkalls. Framlögð ódagsett útprentun úr Vinnustund, tímaskráningarkerfi stefnda, styður einnig þennan skilning en þar eru þau tilvik þar sem starfsmaður stefnanda var kallaður til vinnu merkt sem „útkall“ auk þess sem fram kemur að þau útköll voru ekki í beinu framhaldi af daglegri vinnu hans.

Samkvæmt gr. 1.4.2 í gildandi kjarasamningi aðila er heimilt að greiða starfsmönnum tímavinnukaup í undantekningartilvikum og segir þar í lið 1-4 að slíkt sé heimilt þegar um er að ræða í fyrsta lagi starfsmenn sem ráðnir eru til skamms tíma vegna sérstakra árvissra álagstíma ýmissa stofnana þó ekki lengur en 2 mánuði, í öðru lagi starfsmenn sem ráðnir eru til að vinna að sérhæfðum afmörkuðum verkefnum, þó ekki lengur en 2 mánuði, í þriðja lagi starfsmenn sem starfa óreglubundið í lengri eða skemmri tíma, þó aðeins í algerum undantekningartilvikum og loks í fjórða lagi lífeyrisþega sem vinna hluta úr starfi. Eins og ákvæðið ber með sér er tímavinnukaup endurgjald fyrir vinnu sem ekki er aðalstarf viðkomandi starfsmanns. Í tilviki því sem hér um ræðir er ekki um slíkt að ræða, heldur fastan starfsmann stefnda sem kallaður hefur verið til starfa úr lögmætu verkfalli. Er ekki unnt að líta svo á að ákvæði 1.4.2 eða kjarasamningur aðila að öðru leyti heimili stefnda að greiða tímavinnukaup við þær aðstæður.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða mín að taka beri kröfur stefnanda til greina þannig að viðurkennt sé að Níels Árni Árnason, félagsmaður stefnanda, hafi átt rétt til greiðslna samkvæmt gr. 2.3.3.1 fyrir útköll þegar hann samkvæmt ákvörðun

undanþágunefndar, sem starfar á grundvelli 21. gr. laga nr. 94/1986, var kvaddur til starfa 7. apríl 2015, kl. 9:01 til 10:40, og 8. apríl 2015, kl. 8:51 til 9:58 og kl. 15:27 til 20:06. Samkvæmt þeirri niðurstöðu er stefnda rétt að greiða stefnanda málskostnað.

Elín Blöndal